

**Aðgerðir og áætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sviði
heilbrigðisþjónustu við börn og unglunga með hegðunar- og
geðraskanir**

Reykjavík í september 2006

Undanfarin misseri hefur verið fjallað mikið um þann vanda sem börn og unglingar með hegðunar- og geðraskanir eiga við að glíma hér á landi. Vandinn er flókinn og vaxandi og rætur hans eru að miklu leyti óþekktar. Nágrannalönd okkar og flest vestræn lönd standa einnig frammi fyrir aukinni tíðni geðrænna vandamála og leitað er margvíslegra leiða til að bæta úr þörf þessa hóps fyrir þjónustu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur hér fram áherslur sínar og aðgerðaáætlun til að efla heilbrigðisþjónustan til að takast á við þennan vanda. Ráðherra byggir stefnuna fyrst og fremst á nýlegum skýrslum um málaflokkinn, auk viðræðna við aðstandendur og fagfólk á þessu sviði.¹ Einnig hefur verið höfð hliðsjón af evrópskri aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum sem samþykkt var á ráðherrafundi um geðheilbrigðismál í Helsinki í janúar 2005.

1. Grunnþjónusta heilsugæslunnar við börn með hegðunar- og geðraskanir verður aukin og bætt og ríkari áhersla lögð á forvarnir

Á næsta ári verða ráðnir sálfræðingar á nokkrar heilsugæslustöðvar til að sinna börnum með geðraskanir. Sett verða á laggirnar teymi fagfólks á heilsugæslustöðvum til að sinna þeim sérstaklega sem mest þurfa á hjálp að halda. Teymin verða m.a. skipuð læknum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum og öðru starfsfólki eftir því sem við á. Markmiðið er að tryggja að hvert barn fái þjónustu við hæfi og stuðla að öflugri samvinnu allra sem veita þjónustu á þessu sviði. Jafnframt er hvatt til þess að aukin áhersla verði lögð á fræðslu og forvarnir til foreldra ungra barna.

2. Greining vægari tilfella geðrænna vandamála verður flutt í auknum mæli frá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL) til Miðstöðvar heilsuverndar barna og heilsugæslustöðva

Miðstöð heilsuverndar barna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er falið að sinna í auknum mæli frumgreiningu og meðferð vægari geð- og hegðunarvandamála hjá börnum á höfuðborgarsvæðinu að 18 ára aldri, einkum vegna ofvirkni og athyglisbrests (ADHD).

3. Heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni er falið að semja um farþjónustu sérfræðinga til að sinna geðheilbrigðisþjónustu við börn

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra felur þremur heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni að semja um farþjónustu við sérfræðinga á sviði geðheilbrigðisþjónustu við börn og tryggja þannig reglubundnar heimsóknir sérfræðinga til að sinna börnum á þessu sviði.

¹ Skýrslurnar eru: *Child and adolescent psychiatry in Iceland. Report from a brief study tour*, eftir Anders Milton, B.Sc., MD, Ph.D. og David Eberhard, MD, Ph.D. *Skýrsla nefndar sem skipuð var til þess að gera tillögur til heilbrigðisráðherra um skipulag heilbrigðisþjónustu við börn og unglunga með geðraskanir*. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Nóvember 2005. *Skýrsla nefndar um stefnumótun í málefnum barna og unglunga*. Nefndin var skipuð af forsætisráðherra og skilaði skýrslu sinni í apríl 2005. Skýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins.

4. Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans (BUGL) verður eflð í hlutverki sínu sem miðstöð faglegs starfs á sviði þjónustu við börn og unglिंगa með geðraskanir

Klínískt samstarf Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans (BUGL) við heilsugæsluna verður aukið verulega m.a. með fræðslu- og fjarfundum og öðru samstarfi við fagfólk um land allt. Áhersla er lögð á að auka þekkingu á athyglisbresti og ofvirkni (ADHD) og öðrum algengum geðrænum vandamálum barna. Samstarfið og fræðslan verður í tengslum við Miðstöð heilsuverndar barna.

5. Göngudeild Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans (BUGL) verður eflð og aðstæður hennar til að sinna veikustu börnunum bættar

Samfara því að frumgreining og meðferð geðrænna vandamála færirst í auknum mæli til heilsugæslunnar eflist göngudeild BUGL þannig að biðlistar vegna greininga ættu að heyra sögunni til. Með því að draga úr álagi á Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans (BUGL) vegna greininganna skapast aukið svigrúm til að sinna betur veikustu börnunum bæði á göngudeild og legudeild. Aukin áhersla verður lögð á eftirfylgni með sjúklingum að lokinni útskrift, m.a. í samvinnu við skóla og sveitarfélög.

6. Ráðist verður í fyrsta áfanga stækkunar Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans (BUGL) og verkinu lokið vorið 2008

Stækkun og endurbætur á Barna- og unglिंगageðdeild Landspítalans (BUGL) eru forgangsverkefni heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Tryggt hefur verið fjármagn (334 m.kr.) til að ráðast í að byggja fyrsta áfanga og verður verkið boðið út innan skamms. Verklök verða vorið 2008 og tekur áfanginn til göngudeildar og bættrar aðstöðu legudeildar barna- og unglिंगageðdeildar. Samhliða verða áform vegna síðari áfanga endurmetin.

7. Landlækni falið að efla samvinnu og samræma störf heilbrigðisstofnana sem sinna börnum með geðraskanir

Ráðherra hefur falið Landlæknisembættinu að tryggja aukna samvinnu stjórnenda heilbrigðisstofnana sem sinna börnum með geðraskanir með hagsmuni skjólstæðinganna að leiðarljósi. Efnt verður til reglubundinna samráðsfunda til að skýra ábyrgðarsvið, verklag og samskipti þessara stofnana. Til að samræma þjónustuna gagnvart einstaklingum leggur ráðherra áherslu á að samstarf stofnananna verði eflt óháð valdmörkum stjórnsýslunnar.

8. Útgáfa vegvísis fyrir fagfólk, aðstandendur og sjúklinga um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglिंगa

Ráðherra hefur ákveðið að gefinn verði út vegvísir fyrir fagfólk, aðstandendur og sjúklinga um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn og unglिंगa þar sem gerð er grein fyrir úrræðum, leiðbeint um hvert skuli leita eftir þjónustu og ferli mála lýst.

9. Gerð klínískra leiðbeininga um meðferð barna og unglunga með geðraskanir verður hraðað

Ráðherra hefur falið Landlæknisembættinu að hraða gerð klínískra leiðbeininga um greiningu og meðferð barna og unglunga með ADHD. Jafnframt verði ýtt af stað vinnu við gerð klínískra leiðbeininga vegna barna með aðrar geð- og hegðunarraskanir.